

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um skotvopn, skotfæri o.fl. nr. 787/1998, með síðari breytingum.

1. gr.

Orðin „eða varðhaldi“ í 2. másl. 2. mgr. 2. gr. reglugerðarinnar falla brott.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. reglugerðarinnar:

- a. Á eftir orðunum „þó má“ í 2. másl. í flokki B kemur: lögreglustjóri.
- b. Í stað orðsins „ríkislögreglustjóra“ í 3. másl. í flokki B kemur: lögreglustjóra.
- c. 4. másl. í flokki C fellur brott.
- d. Seinni másl. í flokki D orðast svo: Lögreglustjóri skal óska eftir umsögn ríkislögreglustjóra um slíkar umsóknir.

3. gr.

Orðin „að fengnu samþykki ríkislögreglustjóra,“ í 1. mgr. 7. gr. reglugerðarinnar falla brott.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 8. gr. reglugerðarinnar:

- a. Í stað orðanna „ríkislögreglustjóra“ og „ríkislögreglustjóri“ í 1. mgr. og fyrri másl. 5. mgr. kemur í viðeigandi beygingarfalli: lögreglustjóri.
- b. 4. mgr. fellur brott.

5. gr.

3. mgr. 11. gr. reglugerðarinnar fellur brott.

6. gr.

Í stað orðsins „Ríkislögreglustjóra“ í 1. mgr. 20. gr. reglugerðarinnar kemur: Lögreglustjóra.

7. gr.

Síðari másl. 22. gr. reglugerðarinnar fellur brott.

8. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 37. gr. reglugerðarinnar:

- a. Í stað orðsins „ríkislögreglustjóra“ í fyrri másl. 1. mgr. kemur: lögreglustjóra.
- b. 3. másl. 2. mgr. fellur brott.

9. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 40. gr. reglugerðarinnar:

- a. 1. mgr. orðast svo: Lögreglustjóri aflar umsagnar Vinnueftirlits ríkisins, slökkviliðsstjóra eða annarra þeirra aðila er með brunamál fara og annarra yfirvalda telji hann þess þörf.
- b. 2. mgr. fellur brott.

c. Í stað orðsins „Ríkislögreglustjóri“ í fyrri másl. 3. mgr. kemur: Lögreglustjóri.

10. gr.

Í stað orðanna „ríkislögreglustjóra“ og „ríkislögreglustjóranum“ í 1. og 3. másl. 3. mgr. 41. gr. reglugerðarinnar kemur í viðeigandi beygingarfalli: lögreglustjóri.

11. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 43. gr. reglugerðarinnar:

- a. Í stað orðanna „ríkislögreglustjóra“ og „ríkislögreglustjórans“ í fyrri másl. 1. mgr., 3. mgr. og seinni másl. 4. mgr. kemur í viðeigandi beygingarfalli: lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu.
- b. Í stað orðsins „lögreglustjóra“ í 1. másl. 2. mgr. kemur: lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu.
- c. 5. másl. 2. mgr. og síðari másl. 5. mgr. falla brott.

12. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 44. gr. reglugerðarinnar:

- a. Í stað orðsins „ríkislögreglustjóra“ í 1. mgr. kemur: lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu.
- b. Í stað orðsins „lögreglustjóri“ í 1. mgr. kemur: lögreglustjórinn.
- c. Í stað orðanna „lögreglustjóra“ og „Lögreglustjóri“ í 1. og 4. másl. 2. mgr. kemur í viðeigandi beygingarfalli: lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu.
- d. 2. másl. 2. mgr. fellur brott.

13. gr.

Í stað orðsins „ríkislögreglustjóra“ í 1. og 2. mgr. 45. gr. reglugerðarinnar kemur: lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu.

14. gr.

Í stað orðanna „Ríkislögreglustjóri“ í 1. og 3. másl. 4. mgr. og „ríkislögreglustjóra“ í síðari másl. 5. mgr. 46. gr. reglugerðarinnar kemur í viðeigandi beygingarfalli: lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu.

15. gr.

Í stað orðsins „ríkislögreglustjóra“ í 1. mgr. og í síðari másl. 4. mgr. 47. gr. reglugerðarinnar kemur: lögreglustjóra.

16. gr.

Í stað orðsins „ríkislögreglustjóra“ í 1. og 4. mgr. 48. gr. reglugerðarinnar kemur: lögreglustjóra.

17. gr.

Í stað orðsins „ríkislögreglustjóra“ í 1. mgr. 49. gr. reglugerðarinnar kemur: lögreglustjóra.

18. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 51. gr. reglugerðarinnar:

- a. Í stað orðsins „ríkislögreglustjóra“ í 1. mgr. kemur: lögreglustjóra.

- b. Fyrri másl. 3. mgr. orðast svo: Lögreglustjóri leggur mat á umsækjanda og húsnæði hans m.t.t. öryggis gagnvart innbrotum.

19. gr.

Í stað orðsins „ríkislögreglustjóra“ í fyrri másl. 1. mgr., síðari másl. 2. mgr. og 4. mgr. 52. gr. reglugerðarinnar kemur: lögreglustjóra.

20. gr.

Í stað orðsins „Ríkislögreglustjóra“ í 3. mgr. 53. gr. reglugerðarinnar kemur: Lögreglustjóra.

21. gr.

Orðið „, varðhaldi“ í 59. gr. reglugerðarinnar fellur brott.

22. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt vopnalögum, nr. 16/1998, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 12. september 2007.

Björn Bjarnason.

Gunnar Narfi Gunnarsson.